

Jarðgöng á Tröllaskaga

Eftirfarandi grein Kristjáns L. Möller kom 9. júní á prenti í [Bændablaðinu](#) sem svar við ýmsum rangfærslum sem birtust þar um Siglufjarðargangatillögu hans frá því í apríl síðastliðnum. Grein Kristjáns er á bls. 60. Orðrétt segir hann:

Jarðgöng á Tröllaskaga

Bændablaðið leiðrétt

Í 9. tölublaði Bændablaðsins sem út kom fimmtudaginn 12. maí s.l. var fjallað um þingsályktunartillögu sem ég er fyrsti flutningsmaður að ásamt 12 öðrum þingmönnum. Ég fagna áhuga blaðsins á þessari tillögu en verð að gera athugasemdir við fyrirsögn blaðsins og umfjöllun þess um hinn gamla samanburð jarðgangakosta á Tröllaskaga. Vinna við það verkefni hófst með skipun starfshóps árið 1994 og lauk með skýrslu um valkosti í nóvember 1999.

Tvær meginleiðir við gerð jarðganga voru skoðaðar og þær bornar saman við nýjan veg um Lágheiði, þ.e. Fljótaleið og Héðinsfjarðarleið. Í skýrslunni segir m.a. um þessar leiðir:

Fljótaleið, frá Siglufirði inn Hólsdal, um jarðgöng til Nautadals í Fljótum, inn Holtsdal og um jarðgöng til Ólafsfjarðar, yrði um 33 km. Miðað við jarðgangamunna í 100 m hæð yfir sjó, væru göngin 4,7 og 8,5 km löng, eða samtals 13,2 km.

Héðinsfjarðarleið, frá Siglufirði inn Skútudal, um 4 km jarðgöng til Héðinsfjarðar innan við Héðinsfjarðarvatn, og síðan um 6,2 km löng jarðgöng til Ólafsfjarðar (eða 10.2 km) og 15 km milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Í þessum samanburði í skýrslunni munar 3 km í jarðgöngum, þ.e. hvað Fljótaleiðin hefði orðið lengri, og því er munurinn m.v. ný Siglufjarðargöng frá Hólsdal yfir í Fljót einungis 1,7 km í

heildarlengd. Rétt er að geta þess að Héðinsfjarðargöng eru 10,5 km í bergi og lengdust því um 300 m við fullnaðarhönnun þar sem m.a. var tekið tillit til snjóalaga og snjóflóða, jarðfræði, aðkomu vega og margt fleira sem upp kemur við fullnaðarhönnun og endanlega legu.

Niðurstaða samráðshópsins

Niðurstaða samráðshópsins var að göng um Héðinsfjörð væri besti kosturinn. „Meginröksemd fyrir tillögnum var sú að með þessari leið tengist Siglufjörður byggðum við Eyjafjörð á þann hátt að Eyjafjarðarsvæðið í heild verður öflugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið og byggð á miðju Norðurlandi styrkist verulega. Ávinningur með hringtengingu með ströndinni um Tröllaskaga er einnig talinn verulegur fyrir sveitarfélög í Skagafirði, Siglufirði og Eyjafirði, einkum í ferðaþjónustu“. Vorið 2000 samþykkti Alþingi tillögu um gerð jarðganga á norðanverðum Tröllaskaga sem myndu tengja Siglufjörð og norðaustanverðan Skagafjörð betur við Ólafsfjörð og Eyjafjarðarsvæðið.

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum var þessi m.a.: „... að Héðinsfjarðarleið og Fljótaleið myndu ekki valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Þessar framkvæmdir myndu hins vegar leiða til umtalsverðra jákvæðra áhrifa á byggð og þá sérstaklega á norðanverðum

Tröllaskaga. Þegar þessar tvær leiðir voru bornar saman með tilliti til arðsemi og umhverfisáhrifa, á náttúru og samfélag, benti flest til þess að Héðinsfjarðarleið væri betri kostur. Út frá vegtæknilegu sjónarmiði og arðsemi lagði Vegagerðin til Héðinsfjarðarleið sem meginkost. Niðurstaða matsins var einnig sú að Héðinsfjarðarleið hafi jákvæðari áhrif á byggð og samfélag án þess að valda verulegum neikvæðum áhrifum á náttúru svæðisins.“

Tvennt stóð upp úr:

1. Veruleg jákvæð áhrif sem bætta samgöngur með Héðinsfjarðarleið kunna að hafa á samfélagið á norðanverðum Tröllaskaga, þá fyrst og fremst Siglufjörð og Ólafsfjörð. Leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er nú 15 km, en hefðu orðið 31 km með Fljótaleið, og á milli Siglufjarðar og Akureyrar eru nú 76 km en hefðu orðið 92 km með Fljótaleið.
2. Stytting milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með tilkomu Héðinsfjarðarleiðar eru 219 km á veturna og 47 km á sumrin.

Lokaorð

Öll umfjöllun í blaðinu um að tillaga okkar og rökstuðningur sé byggður á svipuðum rökum og ekki þóttu boðleg í deilum um Héðinsfjarðargöng fær ekki staðist. Fljótaleiðin, þ.e. leggurinn úr Fljótum til Ólafsfjarðar, hafði mjög marga annmarka eins og rakið var í ótal greinum og skýrslum á sínum tíma. Hún hafði hins vegar einn mikinn kost, þ.e. göng frá Siglufirði yfir í Nautadal í Fljótum, leið sem hefði betur verið valin á sínum tíma í stað leiðarinnar um Almenna og Strákagöng. Tillaga mín og 12 annarra þingmanna fjallar einmitt um þann legg með þeim rökum sem sett eru fram í greinargerð tillögunnar. Meðfylgjandi er kort af svæðinu þar sem þessir jarðgangakostir eru settir inn, m.a. Fljótaleggurinn sem var annar leggur Fljótaleiðarinnar og er mikilvægt að hafa það í huga í þessum samanburði. Samkvæmt því sem hér er ritað var það mat Vegagerðarinnar og niðurstaða umhverfismats að Héðinsfjarðarleiðin væri mun betri kostur. Ég held að enginn deili um það lengur. Árin, umferðin og mikil jákvæð byggðaleg áhrif hafa sannað það. Þeim hefur fjölgað mjög sem hefðu viljað þessa Lilju kveðið hafa.

Kristján L. Möller alþingismaður og fyrsti flutningsmaður umræddrar tillögu.



Mynd, kort og texti: Aðsent.